



Reykjavík, 24. nóvember 2021

Gunnar Einarsson formaður SSH
CO/ Páll B. Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

EFNI: Fjármögnun Fjölsmiðjunnar til þriggja ára – fundur – samningsdrög

Á 20 ára afmælisári Fjölsmiðjunnar höfum við forsvarsfólk Fjölsmiðjunnar átt góða fundi og samtöl við bakhjarla Fjölsmiðjunnar. Nú síðast áttum við fund með stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þann 4. október sl. og svo við forstjóra Vinnumálastofnunar og ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytis miðvikudaginn 17. nóvember sl.

Nauðsynlegt er að tryggja rekstur Fjölsmiðjunnar með samningi til þriggja ára svo hægt sé að sinna aukinni eftirspurn, þróa starfið áfram og bæta við verkefnum sem svo aftur gætu gefið aukna tekjumöguleika. En ekki síst til að eyða óvissu og auka fyrirsjáanleika í rekstri. Fjölsmiðjan hefur mátt búa við afar þröngan fjárhagslegan kost í fjölda ára meðal annars þar sem styrkir hafa ekki hækkað í takti við vísitölu- og kjarahækkanir.

Við þökkum jákvæðar undirtektir á þessum fundum okkar og skiljum sem svo að bakhjarlar séu nú reiðubúnir að stíga það skref að tryggja rekstur Fjölsmiðjunnar með auka 50 milljón króna fjárframlagi á ári til þriggja ára, frá og með árinu 2022-2024.

Ef skipting 50 m.kr. aukaframlagsins er sett upp eins og framlög hafa skipst á milli bakhjarla undanfarin ár þá yrðu hún með neðangreindum hætti:

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu samtals um 11,5 m.kr. Skipting miðað við forsendur framlaga í dag skv. grænum dálki.

Reykjavík	2.343.506	57%	6.474.843 kr
Kópavogur	657.826	16%	1.817.500 kr
Hafnarfjörður	534.484	13%	1.476.719 kr
Garðabær	287.799	7%	795.156 kr
Mosfellsbær	205.571	5%	567.969 kr
Seltjarnarnes	82.228	2%	227.187 kr
	4.111.414	100%	11.359.374 kr

Vinnumálastofnun 25 m.kr.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið 13,5 m.kr

Heildarframlögin til Fjölsmiðjunnar yrðu þá á ári næstu 3 árin um 170 m.kr. í stað 120 m.kr.

Lagt er til að haldinn verði sameiginlegur fundur á meðal bakhjarla Fjölsmiðjunnar föstudaginn 3. des. nk. kl. 8.30 í Fjölsmiðjunni Víkurhvarf 2 Kópavogi þar sem málin verða rædd og afgreidd.

Með vinsemd og virðingu

Ellen Calmon formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu
Sturlaugur Sturlaugsson framkvæmdastjóri Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu

Meðfylgjandi: Afrit af bréfum sem hafa verið send til bakhjarla Fjölsmiðjunnar á árinu 2021.